

Þriðjudaginn 3. maí 1955.

Nr. 56/1954. **Ákærvaldið** (Ingólfur Jónsson hdl.)
gegn

Rúnari Sophusi Hansen (Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr., og 220. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram vottorð læknanna Kristjáns Sveinssonar, dags. 9. desember 1954, og Elíasar Eyvindssonar, dags. 16. febrúar 1955, um heilsu Sigfúsar Halldórssonar bifreiðarstjóra.

Vottorð Kristjáns læknis hljóðar svo:

„Ég undirritaður læknir hef skoðað hr. Sigfús Halldórsson, Þvottalaugum. Hefur hann sjón á hægri auga = vinstra auga, $\frac{1}{12}$ án glæraugna (nær illa samhengi við lestur).

Við sjónsviðsskoðun finnst, eins og áður, homonym hæmianopsia til hægri, sem nær á hægri auga frá centrum og út að ca 20° temporalt, og á vinstra auga ca 15—20° nasalt frá centrum. Hæmianopsian er ekki alveg absolut, það er að segja, sjúklingurinn sér dauft á þessu svæði, hvítur litur greinist dauft og litur grænt og rautt ekki. Ytri takmörk sjónsviðsins eðlileg. Þessi hæmianopsia batnar sennilega aldrei og truflar sjúklinginn mikið bæði við lestur og grófarí vinnu“.

Í vottorði Elíasar læknis segir m. a.:

„Helztu kvartanir eftir slysið var höfuðverkur, svimi og sjóntruflanir, þannig að hluti af orðum eða hlutum, er hann horfði á, féll út, og augnlæknir, sem rannsakaði sjúklinginn, sagði, að um blinda blettir væri að ræða. Svimin var mestur, ef sjúklingurinn sneri sér snögglega eða lokaði augunum. Hann hafði einnig hlóm í vinstra eyra.

Röntgenmynd, tekin 31/10 1953, sýndi corpus alienum í regio occipitalis.

Corpus alienum sést ekki inni í kúpu né sprunga í tabula internum.

Fyrirnefnd einkenni hafa mjög minnkað s.l. ár, öll nema sjóntruflanir og mikill höfuðverkur, sem hafa haldizt og m. a. orsakað, að sjúklingurinn getur ekki stundað atvinnu sína sem fyrr, sérstaklega á hann erfitt með akstur í skuggsýnu og dimmu.

Rannsókn gerð 16/2 1955 leiðir í ljós, að ástand Sigfúsar er óbreytt, sífelldar höfuðkvalir, svo nú hefur hann algerlega hætt akstri síðan í byrjun október“.

Þá hefur Læknaráð samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 23. febrúar 1955 látið í té álit sitt á skýrslu Helga yfirlæknis Tómassonar um ákærða, og segir svo í niðurstöðum ráðsins:

„Læknaráð er samþykkt niðurstöðu dr. med. Helga Tómassonar um andlegan þroska og heilsu ákærða almennt, svo og því, sem hann segir um andlegt ástand hans hinn 10. október 1953“.

Ákomur Jóseps S. Gíslasonar, er í héraðsdómi greinir, eru eigi slíkar, sem lýst er í 218. gr. laga nr. 19/1940. Verður ákærða því eigi dæmd refsing samkvæmt þeirri lagagrein né 219. gr. sömu laga. Að öðru leyti er atferli ákærða fært til réttra refsíákvæða.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Rúnar Sophus Hansen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Ingólfs Jónssonar héraðsdómslögmanns og Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. marz 1954.

Ár 1954, fimmtudaginn 11. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 702/1954: Ákærvaldið gegn Rúnari Sophusi Hansen, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali, útgefnu af dómismálaráðherra 12. janúar s.l., og framhaldsákæruskjali, er útgefið var 5. þ. m. til leiðréttingar hinu fyrra ákæruskjali, er Rúnar Sophus Hansen verkamaður, Höfðaborg 18, hér í bæ, ákærður fyrir eftirtalin brot:

„1) Að eiga og hafa í vörzlum sínum ríffil af „Winchester“-gerð, einskota, hlaupvídd 22, frá því á s.l. sumri og til 10. október s.l., án þess að hafa fengið leyfi lögreglustjóra. Þykir brot þetta varða við reglugerð nr. 105/1936, 3. gr., 1. mgr., sbr. 7. gr. og 3. gr. laga nr. 69/1936.

2) Að neyta áfengis á Hótel Vík um kvöldið föstudaginn 9. október s.l. og í Sjálfstæðishúsinu sama kvöld og fram á aðfaranótt 10. október, en brot þetta þykir varða við áfengislög nr. 33/1935, 17. gr., 1. mgr., sbr. 37. gr.

3) Að hafa, er hann ók um bæinn í leigubífreiðinni R 2392 frá kl. rúmlega 01.00 til 01.40 aðfaranótt 10. október s.l. og hafði í höndum ríffil þann, er um ræðir í 1. tölulið ákæruskjalsins, þrásinnis haft í frammi hótanir við bifreiðarstjórann, Sigfús Halldórsson, og er bifreiðarstjórinn ók eftir Pósthússtræti í átt til lögreglustöðvarinnar þrátt fyrir hótanir ákærða um, að hann mundi skjóta bifreiðarstjórann, ef hann færi ekki að skipun ákærða um að beygja inn í Austurstræti, að hafa hleypt skoti af rífflinum, er lenti í höfði bifreiðarstjórans með þeim afleiðingum, að hann slasaðist verulega og bifreiðin rann áfram stjórnlaust og rakst í vegfaranda, Jósep Gíslason, er hlaut við það mikil meiðsl. Þessi brot ákærða þykja varða við almenn hegningarlög nr. 19/1940, 211. gr. sbr. 20. gr., en til vara 218. gr. sbr. 219. gr., og enn fremur varða við 218. sbr. 219. gr. laganna.

4) Að hlaða ríffilinn aftur, er hann hafði hlaupið inn í húsasund við Nýja Bíó, eftir að billinn var stöðvaður, eins og áður greinir, og er hann kom út úr sundinu, að halda byssunni hlaðinni, spenntri og láréttri eða þannig, að hlaupið vísaði örlítið niður, og er ákærði hljóp yfir götuna að Lækjartorgi, hljóp skotið úr henni, en enginn varð fyrir því. Þetta brot ákærða þykir varða við 220. gr., 4. mgr., hegningarlaganna og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2/1930, 1. gr., 3. gr., 4. gr., 6. gr., sbr. 96. gr.“

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, réttinda-sviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga, greiðslu skaðabóta, sviptingar réttar til að öðlast byssuleyfi samkvæmt 1. mgr. 68. gr. hegningarlaga og til málskostnaðargreiðslu. Þá er krafa gerð

um, að ríffill hans verði gerður upptækur til ríkissjóðs samkvæmt 3. gr. laga nr. 69/1936 og 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. apríl 1933. Hann hefur sætt þessum kærnum og refsingum:

- 1950 31/3 Uppvís að þjófnaði á bókum. Afgreitt til barnaverndar-nefndar.
- 1951 15/3 Sátt. 100 kr. sekt fyrir ölvun, óspektir og spell. Skaða-bótagreiðsla kr. 200.00.
- 1951 4/5 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 1000 króna sekt, sviptur ökuleyfi 6 mánuði fyrir brot gegn bifreiðalögum og áfengislögum.
- 1951 18/9 Sátt. 100 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. áfengislaganna.
- 1952 6/4 Sátt. 75 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögum.
- 1952 23/5 Dómur sakadóms Reykjavíkur: 3 mánaða fangelsi, skil-orðsbundið 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað og áfengislagabrot.
- 1952 12/10 Sátt. 100 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. áfengislaganna.
- 1953 13/2 Dómur sakadóms Reykjavíkur: 60 daga fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
- 1953 18/4 Sátt. 150 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. áfengislaganna.

Málavextir eru þessir:

Að kveldi föstudagsins 9. október f. á. hitti ákærði kunningja sinn, Kristján Friðriksson verkamann, Höfðaborg 32, 18 ára að aldri, og fóru þeir niður í miðbæ saman. Þeir náðu sér í áfengi hjá leynivín-sala, fóru með flöskuna inn á Hótel Vík og tóku að neyta þar úr henni. Þar bar að Gísla Sveinbjörn Magnússon sjómann, Efstasundi 51, 17 ára að aldri, og neytti hann þar áfengis með þeim félögum. Þeir ákváðu síðan að fara á dansleik. Náði ákærði í meira áfengi, og fóru þeir síðan allir á dansleik í Sjálfstæðishúsinu. Höfðu þeir áfengi með sér inn á dansleikinn og neyttu þess þar. Kristján fór burt af dansleiknum nokkru á undan ákærða og Gísla Sveinbirni, en þeir voru á dansleiknum, unz honum var lokið kl. 1. Urðu þeir tveir þá samferða út. Fyrir utan stóð leigubifreiðin R 2392, og sat bifreiðar-stjórinn, Sigfús Halldórsson, til heimilis Þvottalaugum, 31 árs að aldri, í bifreiðinni. Ákærði og Gísli Sveinbjörn settust inn í bifreið-ina, og bað ákærði, að ekið yrði að Höfðaborg 18, og var það gert. Ákærði fór út úr bifreiðinni, og kallaði Gísli Sveinbjörn á eftir hon-um: „Við sjáumst á morgun“, enda kveðst Gísli Sveinbjörn ekki hafa vitað betur en að ákærði ætlaði að verða þarna eftir. Ákærði bað Gísla Sveinbjörn að bíða við. Barði hann að dyrum, og opnaði móðir hans fyrir honum. Ákærði gekk rակleitt inn og sótti rífíll, er hann átti. Skot tók hann einnig með sér, tvö, að því er hann minnir. Hann minnir, að hann hafi þá þegar hlaðið rífíllinn. Að því búnu fór hann inn í bifreiðina aftur og bað ökumanninn að aka niður í miðbæ. Ekið var um Borgartún, Skúlagötu, Barónsstíg, Laugaveg, Banka-stræti, Austurstræti, Aðalstræti, Kirkjustræti og Pósthússtræti, en

þar gerðist sá atburður, að skot hljóp úr byssu ákærða og kom í hnakka bifreiðarstjórans. Verður nú að rekja framburði hvers um sig, ákærða, Gísla og bifreiðarstjórans.

Bifreiðarstjórinn, Sigfús Halldórsson, skýrir svo frá, að hann hafi ekið með þá félagana frá Sjálfstæðishúsinu umrædda nótt. Ekki hafi þeir virzt drukknir, og ekkert við framkomu þeirra að athuga í fyrstu. Þegar ákærði hafði komið með ríffilinn út úr húsinu, hafi hann sett inn í bifreiðina vinstra megin í aftursæti, þ. e. beint fyrir aftan Sigfús. Sigfús kveðst samkvæmt beiðni ákærða hafa ekið um Laugaveg. Ekki minnst Sigfús orðaskipta ákærða og Gísla Sveinbjarnar á þessari leið, fyrr en komið var neðarlega á Laugaveg, en þar hafi ákærði sagt: „Ef hann gerir ekki eins og við segjum honum, baunum við á hann“, eða eitthvað á þessa leið, og telur Sigfús sig muna glögg, að ákærði hafi notað orðin: „baunum við á hann“. Ekki kvaðst Sigfús þá hafa tekið ummælin svo, að þau ættu við sig. Sigfús segir, að ákærði hafi um þetta leyti verið að tala um að aka einn hring, en síðan suður að Hljómskálagarði. Sigfús kveðst hafa ekið áfram sem leið lá og beint inn í Aðalstræti, þá hafi hann heyrt ákærða viðhafa sams konar hótanir og áður, svo og enn, er komið var í Kirkjustræti. Kveðst Sigfús þá hafa spurt ákærða, hvort hann ætti við sig, og kvað ákærði svo vera. Hafi hann enn endurtekið, að hann skyldi skjóta hann (Sigfús), ef hann gerði ekki eins og honum var sagt. Sigfús kveðst þá hafa getið þess, að hann gæti beztt trúað, að ákærði hefði ekki byssuleyfi, og væri beztt að aka með þá félagana á lögreglustöðina, og í því skyni hafi hann beygt inn í Pósthússtræti. Hann hafi orðið að nema staðar við Austurstræti vegna umferðarljósanna, en er hann hafi verið að aka af stað aftur, hafi ákærði sagt: „Ef þú ekur ekki til vinstri, en ekur að lögreglustöðinni, skal ég skjóta þig“. Kveðst Sigfús hafa svarað: „Þú ræður því“, enda ekki búizt við, að ákærða væri alvara. Kveðst Sigfús muna, að hann heyrði skothvell rétt á eftir, en síðan man hann ekki eftir sér, fyrr en hann var kominn inn á lögreglustöð nokkru síðar.

Ákærði er sagnafár um atburð þenna og ber mjög við minnisleysi. Hann man sem fyrr getur eftir því, er hann náði í ríffilinn, en ekki hefur hann gert grein fyrir því, hvað fyrir sér hafi vakað. Hann hefur þó getið þess, að hann hafi lent í orðakasti við einhverja Ameríkumenn, er verið hafi á dansleiknum, og hafi sér sinnast við þá. Ekki hefur hann þó beinlínis viljað halda því fram, að hann hafi ætlað sér að finna þá. Hann telur sig muna til þess, að skot hafi hlaupið úr byssu hans, en hefur haldið því fram, að ástæðan hafi verið sú, að hann hafi gleymt að festa öryggislæsinguna og skotið hlaupið úr byssunni óvart. Ekki telur hann sig muna til þess, að hann hafi viðhaft hótanir við bifreiðarstjóran. Gefur ákærði heldur ógreið svör við spurningum um þetta efni.

Gísli Sveinbjörn Magnússon kveðst ekkert hafa vitað um, til hvers

ákærði var að sækja ríffilinn, og einskis hafi hann spurt ákærða um það. Í fyrstu skýrslum kannaðist Gísli ekki við, að hann hefði heyrt ákærða hafa í frammi hótanir við Sigfús, en í síðari skýrslum, er hann hefur staðfest með eiði, ber hann, að hann hafi heyrt ákærða segja við bílstjóran, að hann skyldi skjóta hann, ef hann gerði ekki eins og honum væri sagt. Hafi tal þetta byrjað þannig, að hann (Gísli) hafi haft á orði, að bílstjórinn mundi vera hræddur við að aka með þá með þetta verkfæri, en ákærði hafi þá svarað því til, að það væri eins gott fyrir hann að gera eins og honum væri sagt. Þá hafi Sigfús spurt, hvort hann væri að hóta sér, og hafi ákærði sagt, að svo væri. Sigfús hafi þá sagzt mundu aka með þá til lögreglustöðvarinnar, og hafi ákærði þá viðhaft hótun þá, er áður getur. Hafi það verið í Pósthússtræti, og kveðst Gísli ekki muna til þess, að hann endurtæki hótunina. Gísli segir, að ákærði hafi sagt Sigfúsi að beygja inn í Austurstræti, en Sigfús ekki sinnt því og ekið áfram. Þegar bifreiðin hafi verið komin yfir gatnamótin, hafi riðið skot af byssu ákærða. Sigfús hafi í sama bili eins og spennzt aftur á bak í sætinu og sleppt stýrinu, en bifreiðin runnið síðan stjórnlaust áfram yfir á hægri vegarhelming og numið staðar að lokum við tröppur, er liggja frá dyrum á horni verzlunar O. Ellingsens norðan við Hafnarstræti. Gísli Sveinbjörn kveðst ekki hafa veitt því athygli, hvað ákærði hafðist að síðustu augnablikin, áður en skotið reið af, og telur sig hafa í því litið eitthvað til hægri og litið fyrst til ákærða aftur, er hann heyrði hvellinn. Ekki segir Gísli, að svo hafi verið að sjá, að ákærða væri brugðið, eftir að skotið var riðið af.

Gísli Sveinbjörn segir, að á leiðinni í bifreiðinni hafi ákærði fyrst látið byssuna liggja á hnjám sér, þannig að hlaupið hafi vitað til hægri (að Gísla), en er þeir voru á leið um Bankastræti, hafi ákærði reist byssuna upp og haft milli fóta sér þannig, að hlaupið stefndi að bílstjóranum. Á leiðinni kveðst Gísli hafa heyrt, að ákærði hafi öðru hverju verið að fíkta við gikkinn, en ekki kveðst hann hafa séð, hvort öryggislásinn hafi verið á eða ekki. Eftir að bifreiðin stöðvaðist, fóru þeir báðir, ákærði og Gísli Sveinbjörn, strax út úr bifreiðinni, og hljóp hvor í sína átt. Kveðst Gísli Sveinbjörn beinlínis hafa orðið hræddur við ákærða og notað fyrsta tækifæri til að komast frá honum.

Í þann mund, er skotið hljóp út úr byssu ákærða, voru þrír menn á leið austur yfir Pósthússtræti á mótis við lögreglustöðina. Er Sigfús Halldórsson varð fyrir skotinu, missti hann stjórn á bifreiðinni, og rann hún yfir hægri brún götunnar. Varð einn hinna þriggja vegfarenda, Jósep Sigurður Gíslason þjónn, Vífilsgötu 6, 67 ára að aldri, fyrir hægri framhorni bifreiðarinnar, í því er hún rann framhjá. Féll Jósep við þetta til jarðar, en hann var þá kominn fast að eystri gangstétt, rétt fyrir framan dyr lögreglustöðvarinnar, er bifreiðin lenti á honum.

Lögreglumenn, er heyrt höfðu hávaða frá bifreiðinni, komu nú út úr lögreglustöðinni. Komu þeir Jósep Sigurði til hjálpar, en aðrir fóru að bifreiðinni. Var Sigfús þá kominn út, hélt um hnakka sér og endurtók í sífellu, að hann hefði orðið fyrir skoti. Farið var með Sigfús inn á lögreglustöðina, en bæði hann og Jósep Sigurður voru fluttir síðar á spítala.

Hvorki Jósep Sigurður né félagar hans tveir segjast hafa heyrt neinn skothvell né heldur hafi þeir veitt bifreiðinni athygli fyrr en í því, er Jósep varð fyrir henni.

Sjónarvottur að því, er bifreiðin lenti á Jósep Sigurði, var Hilmar Jón Hlíðar Lúthersson pípulagningarmaður, 32 ára að aldri. Hann stóð þá á horni Pósthússtrætis og Austurstrætis. Hann tók eftir ferð bifreiðarinnar, og virtist sem verið væri að aka henni að dyrum lögreglustöðvarinnar. Er Hilmar sá, að maður varð fyrir bifreiðinni, en hún hélt áfram, hljóp hann norður Pósthússtræti. Hann sá tvo menn koma út úr bifreiðinni og hlaupa, að því er honum virtist, inn í Tryggvagötu. Hann skýrði lögregluþjónum frá þessu, og fóru þeir Hilmar og lögregluþjónarnir Haukur Bjarnason og Sigurður Jónsson austur eftir Tryggvagötu. Skömmu síðar handtók Sigurður Gísla Sveinbjörn, þar sem hann stóð við Borgarbílastöðina (milli Tryggvagötu og Hafnarstrætis), en Hilmar þekkti hann aftur og benti Sigurði á hann. Kannaðist Gísli strax við, að hann hefði verið í bifreiðinni ásamt ákærða, og er ákærði hefði skotið á bifreiðarstjóran, kvaðst Gísli hafa orðið hræddur, enda ekki vitað, hvern ákærði kynni að skjóta næst. Gísli var síðan færður á lögreglustöðina.

Nú er að segja frá ferðum ákærða, eftir að bifreiðin stöðvaðist. Hljóp hann út úr bifreiðinni og hélt austur eftir Hafnarstræti og hafði ríffilinn með. Um þetta leyti hafði Haraldur Sæmundsson bifreiðarstjóri, 24 ára að aldri, verið að aka í bifreið sinni austur Hafnarstræti. Hann hafði, er hann ók yfir Pósthússtræti, veitt bifreið Sigfúsar athygli, en hún var þá á leið norður Pósthússtræti. Þá hafði hann heyrt einhvern hvell og rétt á eftir skruðning. Hann nam þá staðar til þess að gæta út, og sá þá ákærða hlaupa austur eftir syðri gangstétt Hafnarstrætis með ríffil í hendi. Haraldur elti ákærða, en ákærði hljóp gegnum Kolasund og var þeim mun á undan Haraldi, að Haraldur missti sjónar á honum inn í Austurstræti, fékk hann hvergi séð ákærða, og ályktaði þá, að ákærði mundi hafa farið inn í ganginn, er liggur að Nýja Bíó. Þangað fór Haraldur, læddist upp sundið og gægðist inn í skotið, sem er framman við bíódyrnar. Hann kveðst hafa séð, að ákærði var þar að bauka við ríffilinn. Haraldur óttaðist, að ákærði mundi vera búinn að hlaða ríffilinn, og fór hann út að götunni aftur, er hann varð var við mannaferðir þar. Lögreglunni var nú gert viðvart um, hvar ákærði væri, og kom Sigurður Sigurðsson lögregluþjónn á vettvang. Kveður Sigurður margt fólk hafa verið á ferli á götunni. Kom nú

ákærði fram úr ganginum og hélt á rifflinum í skotstöðu, þ. e. vinstri hendi hélt hann undir hlaupið, en hægri hendi um lásinn. Viku menn nokkuð frá, er þeir sáu til ákærða. Ákærði hélt nú út úr sundinu og skundaði yfir Austurstræti í átt til Lækjartorgs. Á þeirri leið hleypti hann skoti úr byssunni. Réðust menn nú að ákærða, er hann var kominn yfir á Lækjartorg, og var hann þar felldur til jarðar og riffillinn tekinn af honum, en lögregluþjónar tóku síðan við ákærða og færðu hann til lögreglustöðvarinnar í handjárnnum, en þar var hann síðan settur í varðhald. Við athugun á rifflinum kom í ljós, að í honum var tóm skothylki, og er lögregluþjónar leituðu þá um nóttina í afkímanum framan við dyr Nýja Bíó, fundu þeir sams konar skothylki. Af því má vera ljóst, að ákærði hefur þar hlaðið riffilinn, sbr. það er áður segir frá vætti Haralds Sæmundssonar.

Um framburð ákærða um ferðir hans, eftir að hann hljóp út úr bifreið Sigfúsar, er það að segja, að hann telur sig lítið sem ekki muna eftir þeim, og ekki hefur hann fengizt til að viðurkenna, að hann hafi hleypt þá af skoti, svo að hann muni, en hins vegar hefur hann lýst yfir því, að hann vefengi ekki frásagnir vitna um þetta. Aftur á móti telur hann sig muna allvel eftir því, er hann var kominn á lögreglustöðina og er hann var settur í varðhald. Síðar verður vikið að því, hvað dr. Helgi Tómasson, er rannsakaði geðheilbrigði ákærða, álitur um það, hvort ákærði sé raunverulega svo minnislaus um atburði þessarar nætur, sem hann vill vera láta.

Af því, er áður er sagt um skothylkin í riffli ákærða, svo og af vætti margra vitna, er fullsannað, að ákærði hleypti skoti úr rifflinum á leið sinni frá ganginum að Nýja Bíó að Lækjartorgi. Hvar það skot lenti, er ekki ljóst, og ekki er vitað, að neitt tjón hafi af því hlotizt. Þykir nú verða að rekja í stuttu máli vætti þeirra, er sáu til ákærða. Sigurður Sigurðsson lögregluþjónn segir, að ákærði hafi verið kominn dálítið út á götuna og stefnt að Lækjartorgi, er skotið reið af. Kveðst Sigurður hafa verið staddur þá í námunda við dyr Haralds Árnasonar og fylgzt vel með ákærða, eftir að hann kom út úr sundinu, og telur hann öruggt, að ákærði hafi ekki spennt gikkinn á rifflinum, eftir að hann kom út á götuna. Vitnið Narfi Haraldsson verkamaður, 27 ára að aldri, kveðst hafa verið staddur í Austurstræti, vestanvert við ganginn, er liggur að Nýja Bíó, er ákærði hafi komið þar út og haldið á riffli í skotstöðu. Hann hafi hleypt skoti úr rifflinum, er hann var á leið yfir götuna og stefndi að Lækjartorgi. Telur Narfi, að fólk hafi ekki verið þar framundan. Vitnið Haraldur Sæmundsson, er áður kom mjög við sögu, segist hafa verið staddur á gangstéttinni við Útvegsbankann, er ákærði hljóp yfir götuna. Einhverjir hafi veitt honum eftirför, og hafi ákærði þá snúið sér skyndilega við, eins og gegn þeim, er eltu hann, og í sama bili hafi heyrzt hvellur. Telur Haraldur því líklegt, að skotstefnan hafi verið að Austurstræti. Vitnið Gylfi Snær

Gunnarsson verkamaður, 20 ára að aldri, er var þarna á ferli og hafði frétt um, að vopnaður maður væri í sundinu, veitti ákærða eftirför, er hann hljóp yfir á Lækjartorg, og var það Gylfi, er náði ákærða og felldi hann. Gylfi segir, að er hann nálgðist ákærða, hafi ákærði snúizt gegn honum, en hann kveðst aldrei hafa heyrt, að skot hlypi úr byssunni. Vitnið Matthías Einarsson verkamaður, 19 ára að aldri, félagi Gylfa Snæs, segist hafa elt ákærða ásamt fleirum og hafa heyrt hvell, er hann átti skammt ófarið að honum. Garðar Guðmundsson lögregluþjónn, er var á leið niður Bankastræti í bifreið, og Haukur Bjarnason lögregluþjónn, er staddur var í Hafnarstræti, heyrðu báðir skothvell frá Lækjartorgi, og komu þeir þangað um það leyti, er verið var að taka ákærða þar.

Lögregluþjónarnir Haukur Bjarnason, Garðar Guðmundsson og Vernharður Kristjánsson færðu ákærða í varðhaldsklefan í kjallara lögreglustöðvarinnar, og ber þeim öllum saman um, að ákærði hafi viðhaft rosta og skæting við þá, talað um, að hann skyldi jafna um þá, er hann losnaði o. s. frv. Ekki virðist ákærði hafa minnzt neitt á það í viðtali við lögreglumenn, að skot hans hefði verið óviljaverk.

Samkvæmt vætti lögreglumanna og móður ákærða voru merki áfengisáhrifa mjög óveruleg á ákærða, en sjálfur hefur hann gert allmikið úr ölvun sinni.

Byssa sú, er ákærði hafði undir höndum, er einskotaríffill af gerðinni Winchester, hlaupvidd 22. Kveðst ákærði hafa keypt byssuna fyrir ca 2 árum. Hann hefur aldrei haft leyfi til að eiga skotvopn.

Geðheilsurannsókn fór fram á ákærða, sem fyrr getur. Í skýrslu sinni rekur yfirlæknirinn æviferil ákærða að nokkru og athuganir sínar á ákærða, en niðurlag skýrslunnar er svohljóðandi:

„Álit mitt á Rúnari Sophus Hansen er þetta:

Hann er vitgrannur, en þó ekki fáviti. Hann er hvorki geðveill né geðveikur.

Hann hefur verið verulega undir áfengisáhrifum, er hann framdi afbrotið. Ég tel ekki líklegt, að hann sé svo minnislaus um atburðina nóttina 9.—10. október, sem hann vill vera láta.

Það er um að ræða 20 ára gamlan ógiftan verkamann, mäske af nokkuð brengluðu bergi brotinn, en sem elst upp fyrstu 10—12 árin við þröng kjör, aðallega með móður sinni og fjórum eldri bræðrum. Af þeim var sérstaklega sá næsti á undan honum í röðinni stórlegur vandræðadrengr, og með honum var Rúnar mikið á þessum fyrstu árum, og alltaf nokkuð. Hann vanrækti skólann og fær slæmt orð þaðan. Eftir fermingu hefur hann oftast haft vinnu, en þó verið talsvert los á honum, og hann hefur nokkrum sinnum gerzt brotlegur við umgengnisvenjur og landslög. Svo að segja alltaf hefur hann þá verið með öðrum um brotin, og ekki verið aðalmaðurinn, en borið sinn hlut úr býtum.

Hann byrjaði 16 ára að drekka. Hefur alltaf haft drykkfelldan aðalfélaga, einnig margbrotlegan við lög og reglur.

Síðasta árið hefur hann rifandi atvinnu og verið aðal fyrirvinna móður sinnar, og hefur heimilið rétt mikið við seinustu árin.

Síðastliðið hálf ár hefur hann drukkið meira en áður og fengið nokkrar ölvunarsektir. Hann hefur einnig gerzt sekur um þjófnað og fengið 5 mánaða biðdóm.

9. október 1953 fer hann á skemmtun með öðrum pilti, neytir mikils vins, sækir byssu heim til sín og skýtur viljandi eða óviljandi á bílstjóra, sem er að aka þeim um bæinn, er hann hélt, að bílstjórinn ætlaði með þá á lögreglustöðina. Skýtur síðan í fátí á mann-söfnuð, en hitti engan.

Í réttarhöldunum man hann ýmist ekki eða ónákvæmt, hvað gerzt hefur. En óminni þetta ber verulegan blæ af uppgerð eða „leti“, því, að nenna ekki að reyna að rifja upp með sér.

Öll „vitpróf“ benda ekki til meira en ca 12 ára aldurs, eða gáfnafar með kvóta 0.8, svo hann verður að teljast vitgrannur, þó ekki svo, að um fávita sé að ræða.

Áfengi verkar auðvitað oft meir og öðruvísi á vitgranna en hina betur gefnu: Þær litlu hömlur, sem þeir hafa, breyta enn auðveldar undan áfenginu en hjá hinum. Þeir vitgrönnu eru talhlýðnari en hinir og því hættara við að renna á hálu svelli lífsins, ef við þeim er stjakað af öðrum. Þessi piltur hefur mikið verið undir áhrifum sér ekki betri drengja, og það einmitt á þýðingarmestu uppvaxtar-árunum, þegar skapgerðin helzt mótast.

Vitgrannir eru oft „útmognir“ og harðvítugir í að neita eða þykjast t. d. ekki muna.

Ég fæ ekki séð, að um geðveilu sé að ræða.

Maðurinn er að mínu áliti sakhæfur. En við úttekningu refsingar virðist nauðsynlegt að gæta þess, að hann ekki lendi með sér „verri“ mönnum, sem reynslan hefur sýnt, að hafa ill áhrif á hann, eins og við er að búast um vitgranna“.

Sígfús Halldórsson var fluttur á Landspítalann um nóttina, og gerði Páll Gíslason læknir þar að áverkum hans. Segir svo í vottorði Páls:

„Við skoðun kom í ljós, að ca 1 cm til h. við miðlínu neðst í hnakka, er tæplega cm stórt sár með dökkkleitum kanti (innskotsop). Ca 6 cm til vinstri við þetta op er um 2 mm við kringlótt rífa í húðina. Röntgenmyndir sýna, að fjölmörg brot sitja á milli höfuðleðurs og hausnúpu. Ekki var um neinar lamanir að ræða eða neinar aðrar objectivar athugasemdir. Sj. kvartaði þó um glæringar fyrir augum og sömuleiðis, að hann heyrði eitthvað illa. Þetta smáminnkaði, og var, að því er virtist, horfið, er hann fór héðan um kl. 6 um morguninn.

Skorið var inn á brotin, og reyndist það vera agnir úr blýkúlu, fjölmörg, af öllum stærðum, frá rúmum cm og niður í smá sand-

korn. Beinið var lítillaga skaddað beint fyrir innan innskotsopið. Var þar hola ca 1—2 mm á dýpt og um 1½ cm í þvermál. Ekki var um neina sprungu eða flanga dæld (sulcus) í áttina að útskotsopi að ræða. Brotin voru öll tind úr strax, og fór sjúklingur heim til sín að því loknu“.

Hinn 28. október fór Sigfús á lyflæknisdeild Landspítalans og lá þar til 14. nóvember. Lýsir yfirlæknirinn, prófessor Jóhann Sæmundsson, meiðslum Sigfúsar ýtarlega í vottorði, dags. 6. janúar s.l., en niðurstaða hans er þessi: „Sjúklingurinn bar einkenni þess, að litli heilinn hafi skaddast vinstra megin, en einnig sjónstöðvarnar aftast í stórheila, væntanlega vegna heilamars. Er sjúkl. fór af sjúkrahúsinu, voru litla-heila einkenni í rénun, t. d. gekk honum betur að halda jafnvæginu, en sjónsviðið var óbreytt“.

Í vottorðinu er annars rakið, að komið hafi fram truflun í að halda jafnvægi líkamans og truflun á sjón, er gæti mest, er slasaði þurfi að einbeita augunum.

Hinn 9. þ. m. skýrir Sigfús svo frá því fyrir dómi, að fjarri fari því, að hann sé búinn að ná sér. Sjónin hafi ekki lagast og hann hafi þrálátan höfuðverk. Hann kveðst þó lítið eitt vera farinn að vinna.

Jósep Sigurður Gíslason hafði eftir slysið eymsli í mjóbaki og í hægri hné, hrúfl á hægri fæti, samkvæmt vottorði Páls Gíslasonar læknis. Röntgenmyndir leiddu í ljós, að um brot var ekki að ræða. Samkvæmt vottorði Úlfars læknis Þórðarsonar hafði Jósep mikið mar á hægri fæti og hægri öxl, brák á síðu og skrámur á hendi. Lá hann 10 daga rúmfastur, en var því næst um ca 2 mánaða skeið í ljósum og stuttbylgjumeðferð hjá Björgvin lækni Finnssyni og hlaut allgóðan bata.

Niðurlag. Verður nú rakið, hvert brot ákærði telst nú hafa framið umrædda nótt, og við hvaða ákvæði þau varða.

1) *Skot í bifreiðinni R 2392.* Ákærði hleypti skoti úr riffli sínum í bifreiðinni. Hann hefur tæpt á því, að skot þetta hafi verið óviljaverk, en telur sig annars lítið muna eftir þessu verki. Þegar lítið er til þess, að ákærði hafði í frammi ótvíræðar hótanir við bifreiðarstjórnann um að skjóta hann, að athugun á rifflinum bendir gegn því, að skot hafi getað hlaupið af óvart, og loks með tilliti til hegðunar ákærða eftir þetta, sbr. vætti Gísla Sveinbjarnar Magnússonar og lögregluþjóna, er færðu ákærða í varðhald, þykir örugglega sannað, að ákærði hafi af ásetningi hleypt skotinu af. Nú þótt ekki verði lítið svo á, að tilgangur ákærða hafi verið að svipta bifreiðarstjórnann lífi, hlaut honum að vera ljóst, að langlíklegast var, að líftjón hlytist af verki hans, þótt svo einstaklega tækist til í þessu tilfelli, að svo fór ekki. Þetta verk verður því að teljast morðtilraun, og ber því að refsa ákærða að þessu leyti fyrir brot gegn 211. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2) *Meiðsli á Jósep Sigurði Gíslasyni.* Með því að skjóta á bifreiðarstjórnann olli ákærði því, að bifreiðin varð stjórnlaus og rakst á Jósep

Sigurð Gíslason, og varð hann fyrir alvarlegum meiðslum. Áður var sú niðurstaða fengin, að ákærði hefði skotið á bifreiðarstjóran viljandi. Meiðsli Jóseps eru afleiðingar af þessu verki og verða að teljast ákærða til sakar vegna gáleysis. Þannig hefur hann gerzt brotlegur við 219. gr. alm. hegningarlaga.

3) *Skot í Austurstræti eða á Lækjartorgi*. Ákærði hleypti skoti úr riffli sínum á nefndum stað, án þess að hann, svo að sannað verði, miðaði því á neinn sérstakan. En upplýst er, að allmargt fólk var á ferli þar um kring, og stofnaði hann með verki sínu lífi eða heilsu manna í augljósan háska. Hann hefur einnig gerzt sekur um brýnt brot gegn 4. mgr. 220. gr. hegningarlaganna og 6. sbr. 96. gr. lög-reglusamþykktar fyrir Reykjavík, en 1., 3. og 4. gr. lögreglusamþykktar á hér ekki við.

4) *Handhöfn ólöglegs skotvopns*. Ákærði kveðst hafa keypt riffil sinn fyrir ca 2 árum og aldrei hafa haft leyfi til að eiga skotvopn. Hann hefur þannig brotið þau ákvæði laga nr. 69/1936 og reglugerðar nr. 105/1936, er ákæra tilgreinir.

5) *Með áfengisneyzlu á veitingastöðum* umrætt kvöld og nótt hefur ákærði brotið 1. mgr. 17. gr. sbr. 37. gr. áfengislaga, svo sem hermt er í ákæru.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga, fortið ákærða og eðli brots hans hæfilega ákveðin fangelsi 6 ár.

Ítreka ber réttindasviptingu þá samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga, er ákærða hefur verið dæmd í fyrri dómum.

Samkvæmt 1. mgr. 68. gr. alm. hegningarlaga verður ákærði sviptur ævilangt rétti til að öðlast leyfi til að eiga eða hafa í vörzlum sínum skotvopn.

Riffill ákærða skal upptækur ger ríkissjóði til handa samkvæmt 3. gr. laga nr. 69/1936, 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936 og 1. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Skaðabótakröfur voru ekki hafðar uppi í máli þessu.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal málssóknar- og málsvarnarlaun skipaðs sækjanda og verjanda, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Sveinbjörns Jónssonar, 1500 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Rúnar Sophus Hansen, sæti fangelsi í 6 ár.

Ákærði er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Enn fremur er hann ævilangt sviptur rétti til að eiga og hafa í vörzlum sínum skotvopn. Framangreindur riffill skal upptækur ríkissjóði til handa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda, hæstaréttarlögmannanna

Einars B. Guðmundssonar og Sveinbjörns Jónssonar, 1500 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. maí 1955.

Nr. 54/1954. **Ákærvaldið** (Gunnar J. Möller)

gegn

Frank Padley (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóuppdrátt siglingu varðsksipsins, frá því það hinn 26. marz 1954, kl. 16.34, var statt 5 sjómíllur í réttvísandi 297° frá Eldey, unz það kom að b/v Sletnes, G.Y. 526, kl. 20.00 sama dag og setti út dufl í kjölfar hans. Varðskipið sigldi síðan kl. 20.57 frá duflinu að stað, sem er 2.0 sjómíllur í réttvísandi 169° frá Malarrífsvita og merktur er D á uppdrættinum og beina leið aftur til duflsins. Reyndist duflið samkvæmt þeirri siglingu vera á stað, sem merktur er E á sjóuppdrættinum og er um 3.0 sjómíllur innan fiskveiðitakmarkanna. Einsýnt þykir, að siglingu varðsksipsins frá stað E að stað D beri svo vel saman við siglingu þess frá D og aftur til E, að staður E hljóti að vera svo öruggur, að enginn vafi sé á, að togarinn hafi verið innan fiskveiðitakmarkanna á þeim tíma, er varðskipið kom að honum. Samkvæmt þessu hefur ákærði brotið gegn lagaákvæðum þeim, sem í héraðsdómi greinir, og með hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu, sem eigi hefur breyttzt eftir uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.